



Námsáætlun í latínu

í 5. bekk fornmáladeild (LATÍ2FO13)

Stutt lýsing á áfanganum:

Kenndar eru sex stundir á viku. Farið er rækilega í helstu atriði beyginga- og setningafræði latneskrar tungu. Lesnir eru meðalþungir kennslubókartextar með það að markmiði að nemendur geti hafið lestur frumtexta á síðari hluta vormisseris.

Kennslugögn:

- 1) Oxford Latin Course III. Lesnir verða kaflar 34 – 54, **fyrri hluti** texta nema annað sé tekið fram.
- 2) Aðrir textar og ítarefni í ljósriti frá kennara.

Kennsluhættir:

Textar eru þýddir nákvæmlega, greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega og fjallað um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lesefni.

Kennari: Kolbrún Elfa Sigurðardóttir

Námsmat:

Vikulegar skriflegar æfingar. Á haustmisseri verða skrifaðir stílar í tengslum við námsefni hverju sinni. Engin hjálpargögn leyfð. Á vormisseri skiptast á ólesnar þýðingar og stílaskrif. Nemendur þurfa að hafa orðabók meðferðis í ólesnar þýðingar **eftir áramót** (Cassell's Latin Dictionary í Bóksölu stúdenta).

Tvö kaflapróf verða á hvoru misseri, 85-90 mínútur hvert. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

Jólpróf í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Vorpróf í maí úr námsefni vormisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Námseinkunn byggir á þremur þáttum sem vega jafnt: a) meðaltali stíla og ólesinna þýðinga, b) meðaltali kaflaprófa og c) ástundun (mætingu, heimavinnu og virkni í tímum)

Hópurinn vinnur eitt stórt hópverkefni á skólaárinu sem felst í útgáfu **Latínublaðsins Idus Martii þann** 15. mars 2027.

Birt með fyrirvara um breytingar